



Til bæjarráðs Kópavogsbæjar/ umsögn

Kópavogi, 1. apríl 2025
25032767/100.00 IA

Efni: Greinargerð með viðauka 2 við fjárhagsáætlun 2025.

Nýlega var undirritaður kjarasamningur við Kennarasamband Íslands. Kjarasamningur þessi hefur verulega áhrif á útgjöld ársins 2025, þannig að leggja þarf fram viðauka við fjárhagsáætlun þess árs.

Vænta útgjaldaaukningu má sjá efst í töflu á forsíðu viðaukans, en áætlað er að útgjöld bæjarins hækki um tæplega 571 m.kr. vegna samninganna. Viðaukinn snýst um hvernig brugðist verður við þessum útgjaldaauka með breytingum á áætluðum tekjum og gjöldum á öðrum liðum. Þessi viðbrögð eru hagræðing, mat á væntum tekjuauka og með því að fara yfir áætlun ársins og skoða hana með tilliti til þess hvers má vænta það sem eftir lifir árs.

Í greinargerð sem lögð var fram á síðasta fundi bæjarráðs voru eftirfarandi atriði m.a. dregin fram og eru línur viðaukans merktar með þessum texta þar sem við á:

Skipulagsbreytingar

Í bæjarstjórn þann 25. febrúar s.l. voru samþykktar skipulagsbreytingar í stjórnsýslu bæjarins. Í þeim breytingum lækkar launakostnaður um rúmlega 100 m.kr. á ársgrundvelli, meðal annars vegna fækkunar stöðugilda. Áhrifin koma að hluta til fram á yfirstandandi ári en að fullu á komandi ári.

Launakostnaður

Lagt er til að starfshlutfall bæjarfulltrúa verði lækkað úr 28,05% í 25,25%, starfshlutfall bæjarráðsfulltrúa verði lækkað úr 30% í 27%, starfshlutfall ráðsfulltrúa verði lækkað úr 7,5% í 6,75% og nefndarfulltrúa verði lækkað úr 4,5% í 4,05%.

Í samræmi við breytingar á launum bæjarfulltrúa verða laun bæjarstjóra lækkuð.

Samhliða er lögð til launafyrsting á lykilstjórnendum bæjarins út árið 2025 og að frá og með árinu 2026 fylgi laun bæjarstjóra, lykilstjórnenda, bæjarfulltrúa auk nefnda- og ráðsfulltrúa þróun þingfararkauks.

Launaáætlun leikskóla er endurskoðuð og áætluð yfirvinna lækkuð m.t.t. þeirra breytinga sem orðið hafa í starfsumhverfi leikskóla með Kópavogsmódelinu.

Launaáætlun grunnskóla er endurskoðuð til lækkunar m.t.t. fækkunar nemenda milli skólaára.



Einnig er lögð til endurskoðun á reglum um ökutækjastyrki starfsmanna og að umfang sumarstarfa verði minna en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun.

Rekstur stofnana

Gert er ráð fyrir lækkun í rekstrarkostnaði stofnana, m.a. með aukinni LED væðingu sem dregur úr rafmagnskostnaði. Breytingar verða á rekstri netbúnaðar sem lækkar rekstrarkostnað, auk þess sem hætt verður með Workplace á árinu.

Opnunartími sundlauga verður endurskoðaður á frídögum (sk. rauðum dögum) þannig að aðeins önnur sundlaugin verður opin.

Lagt er til að skoða sölu eigna með möguleika á samnýtingu starfstöðva sem lækkar rekstrarkostnað bæjarins.

Aðkeypt þjónusta

Gert er ráð fyrir að dregið verði úr ýmis konar aðkeyptri þjónustu þvert á svið og skrifstofur bæjarins.

Styrkir og tekjur

Lagt er til að styrkir bæjarráðs verða lækkaðir.

Áætlun vegna frístundastyrkja er endurskoðuð til lækkunar til samræmis við uppfærða spá um fjölda styrkþega árið 2025.

Einnig er gert ráð fyrir auknum tekjum vegna sumarnámskeiða og fjölgunar leigutíma í íþróttamannvirkum.

Aðrar breytingar

Gert er ráð fyrir að útsvarstekjur og framlög ríkissjóðs, þar á meðal úr Jöfnunarsjóði, verði umfram áætlun 2025 sem koma til móts við væntar kostnaðarhækkanir vegna kjarasamninga.

Í viðaukabeiðninni er gert áð fyrir að þessar breytingar komi til með að vera jafn háar og útgjaldaauki vegna kjarasamninganna.

Virðingarfyllst,

Ingólfur Arnarson
Fjármálastjóri